ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA – LENÍNISTA 1.tbl.4.árg. 1975

VERÐ: 50 kr.

EIMSKIP HERÐIR TÖKIN

Frá því að samningur Dagsbrúnarforystunnar og Eimskips var undirritaður hefur Eimskip stórhert tökin á verkamönnunum sem vinna við út- og uppskipun, sem sést best á því að tveimur verkamönnum hefur verið sagt upp og fjórum verið hótað uppsögn. Fyrsta uppsögnin kom þegar baráttan stóð sem hæst þá fór einn fastamaður hjá Eimskip að vinna annars staðar í mótmælaskyni við samningana, en þegar hann kom aftur var honum sagt upp. Hinum var sagt upp fyrir það að fara tveimur mínútum fyrr í mat en stendur í samningunum, samt sem áður var hann einn af seinustu mönnum sem fóru upp úr lest. Einum var hótað uppsögn fyrir að vera á móti samningunum og láta það heyrast, og öðrum fyrir að vera kominn tveimur eða þremur mínútum fyrr upp úr lest en stendur í samningunum, en raunar er leyfilegt að fara fimm mínútum fyrr til að þvo sér og gera sig kláran fyrir mat. Einum var hótað uppsögn fyrir að mótmæla vinnubrögðum verkstjóra, og má alveg búast við frekari uppsögnum því þetta er allt skrifað niður og notað síðar meir til að reka manninn ef hann þykir óæskilegur. Báðar þessar uppsagnir voru tilkynntar til Dagsbrúnar en ekkert skeði, samt sem áður lofaði Halldór Björnsson að koma og tala við okkur til að vita hvernig í málunum lægi en hann kom aldrei - sjálfsagt hræddur við að vera hent út eins og stéttarbræður okkar hjá Togaraafgreiðslunni gerðu og sögðu honum að fara aftur til Spánar, þar væri hann best geymdur.

Hvað sýnir þetta okkur?

Guðmundur Ásgeirsson, einn af fylgis mönnum Bjarna Guðna (var í framboði í borgarstjórnarkosningunum) sagði að þessi samningur væri stórt skref fram á við fyrir okkur hafnarverkamenn (raunar hef ég aldrei séð hann vinna við höfnina og er mér sagt að hann sé skrifari einhvers staðar uppi í einum skálanum). Eins og dæmin hér að ofan sýna - hótanir um brottrekstur o.þ.h. - þá er þetta stórt skref afturábak fyrir okkur og nú er svo komið að menn þora varla að segja meiningu sína vegna hræðslu á að vera sagt upp, enda er verkamönnunum það ljósara með hverjum degi sem líður, jafnvel þeim sem sögðu já við samningunum, að þeir samningar sem Dagsbrúnarforystan hefur sett okkur í, þjóna engum öðrum en Eimskipafélagskapitalistunum og Dagsbrúnarforystan gerði þá til hagsbóta fyrir þá, en ekki okkur hafnar-

FRAMHALD Á BLS.3

HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á SIGÖLDU?

Varla er svo minnst á virkjunarframkvæmdirnar við Sigöldu, að ekki séu tíundaðar hinar "háu tekjur" verkamanna á staðnum og látið að því liggja að þarna sé komin paradís á jörðu, hvað kaup og aðbúnað snertir. Sannleikurinn í málinu er hins vegar allur annar og á greinilega ekki upp á pallborðið hjá fjölmiðlum auðstéttarinnar í landinu, útvarpi, sjónvarpi og dagblöðunum.

Nokkur sannleikskorn um hið raunverulega ástand.

Sannleikurinn um kaup verkamanna er sá, að langstærsti hluti þeirra vinnur eftir lægsta taxta sem þekkist í landinu. Fyrir láglaunahækkunina í október og 3%in 1. desember var tímakaupið í dagvinnu 202 krónur, sem er lægra en það lægsta sem greitt var við höfnina í Reykjavík; það var þá 214 kr. í tímavinnu í dagvinnu. Þeir verkamenn sem hærra tímakaup hafa, vinna vaktavinnu og er grunnkaupið þá um 230 krónur.

Allur aðbúnaður við Sigöldu er eins lélegur og hægt er að hafa hann. Hreinlætisaðstaða fyrir verkamennina úti á vinnusvæðunum er nákvæmlega engin og fyrst núna í haust var komið fyrir skúrum þar sem menn geta hrúað vinnugöllum sínum á gólfið í stað þess að áður urðu þeir að vera í þeim í mat og kaffi.

Svo rétt sé minnst á aðstöðu starfsfólksins til tómstunda og afþreyingar utan vinnutíma er um að velja eitt sjónvarp og eitt borðtennisborð. Það má taka fram, að við Sigöldu hafa unnið allt að fjögur til fimm hundruð manns.

Auðvaldið hugsar ekki um öryggi verkamanna við Sigöldu frekar en annars staðar. Öryggismál staðarins eru í algjörum ólestri og má til dæmis nefna, að ekki er til á staðnum einn einasti metir af neinu, sem hægt er með nokkurri samvisku að kalla öryggisgirðingu. Þætti ef til vill einhverjum þörf á, þar sem um er að ræða stöðvarhús, grunninn og botnlokurnar, sem sumstaðar eru allt að 30 metra djúpar. Sama máli gegnir um varnir gegn grjóthruni á þessum tveimur stöðum.

FRAMHALD Á BAKSÍÐU

VÍETNAM

LEPPSTJÓRN USA Á UNDANHALDI ÞJÓÐFRELSISÖFLIN Í SÓKN


Fyrir baráttu alþýðu Víetnam, Laos og Kambódíu, varð bandaríska heimsvaldastefnan að gefa upp á bátinn áform sín um hernaðarlegan sigur yfir þjóðfrelsisöflunum í þessum löndum SA-Asíu. Þjóðfrelsisöflin hafa unni hvern stórsigurinn á fætur öðrum yfir heimsvaldastefnunni og hún hefur að lokum neyðst til að gefast upp og hafið undanhald alls staðar. Þjóðfrelsisöflin hafa náð miklum hlutum þessara landa á sitt vald.

Í Suður-Víetnam hefur Þjóðfrelsisfylkingin náð miklum hluta landsins á vald alþýðunnar. Þar er uppbygging mjög hröð, en á hina höndina blasir við allsherjar hrörnun á svæði Thieuklíkunnar.

Skv. Parísarsamkomulaginu um Víetnam, átti nú að ríkja friður í Suður-Víetnam, en gerir hins vegar ekki, enda var það aldrei ætlun bandarísku heimsvaldasinnanna að halda vopnahléð. Thieu-stjórnin hefur þverbrotið alla liði samkomulagsins. Hún hefur ráðist hvað eftir annað inn á frelsuðu svæðin, auk þess sem hún hefur hert fasísku ógnarstjórnina á sínu svæði. Styrktir af amerísku fé, með amerískum hernaðarráðgjöfum og með amerískum vopnum, hefur þessi leppklíka haldið uppi stöðugum árásum á alþýðu Suður-Víetnam, bæði á sínu yfirráðasvæði og á frelsuðu svæðunum.

Brot Thieu-klíkunnar á vopnahléinu eru orðin yfir hálf milljón. Hún hefur gert endurteknar árásir á frelsuðu svæðin og reynt að ná þeim undir sinn kúgunarhæl. Ekki heyrist orð um þetta í borgarapressunni á vesturlöndum. En þegar þjóðfrelsisherinn tók á sitt vald bæinn Phuoc Bihn nýlega

FRAMHALD Á BLS. 3



Þjóðfrelsisherinn hrindir árás Thieuklíkunnar á frelsað svæði.

Hryðjuverk Ísrael gegn börnum Palestínuaraba

Hvernig yrði þér við ef þú vissir að leikfangabangsinn sem barnið þitt er að leika sér með gæti sprungið í loft upp á hverri sekúndu? Ef þú vissir að sonur þinn eða dóttir þín muni missa bæði hendur og sjón á næsta augnabliki? Þú heldur kannski að þetta sé allt of fráleitt að spyrja svona, til að þú svarir því. En þetta er alls ekki fráleitt, því það er ekkert fráleitt sem til er raunverulega.


Undanfarna mánuði hafa ísraelskar flugvélar dreift þúsundum leikfanga af ýmsum gerðum yfir flóttamannabúðir og bóndabæi í Líbanon. Öll leikföngin hafa að geyma sprengju sem springur þegar þau eru tekin upp.

Síonistarnir dreifa "leikföngunum" á næturna. Þegar börnin finna þau á morgnana, bangsa og dúkkur, verða þau auðvitað himinlifandi, því leikföng sem slík eru sjaldgæfur lúxus í flóttamannabúðunum. En þegar þau ætla að leika sér með þau springa þau. "Hrein og tær barnsaugun verða blind og dauð augu" segir í frétt sem Stéttabaráttunni barst um þetta.

Í flóttamannabúðunum Ein el Hellweh höfðu í vor fjögur börn misst sjón og hendur af völdum slíkra sprengja. Frelsishreyfingarnar hafa gripið til þess ráðs að fræða öll börn frá fimm ára aldri um þessar leikfangasprengjur og um það sem þau geta átt von á frá Ísrael.

En leikfangasprengjurnar eru aðeins hluti af hryðjuverkum Ísraela í Líbanon. Flugvélar Ísraels hafa líka dreift eitruðu sælgæti á milli þess sem þær hafa gert sprengjuárásir og drepið hundruð kvenna og barna, og gert marga flóttamenn í annað eða þriðja skiptið. Flóttamannabúðirnar Nabatieh, með 3000 íbúum, voru fyrir skömmu jafnaðar við jörðu. Á sjúkrahúsinu þar berjast menn nú við að reyna að bjarga napalmbrenndum börnum frá dauða. Líka hafa Ísraelsmenn orðið uppvísir að því að gera tilraunir með gashernað á flóttamönnum. Þannig var flóttamannafjölskylda lokuð inn í herbergi með gassprengju í nokkra tíma, og hvött til að leita til læknis á eftir. Tveir af þremur meðlimum fjölskyldunnar dóu á Bandaríska Háskólasjúkrahúsinu í Beirút, þrátt fyrir að ekkert hefði verið til sparað að bjarga þeim. Hópur franskra sérfræðinga á vegum Rauða Krossins gat úrskurðað að dánarorsök væri áður óþekkt gastegund. "Síonisminn er ekkert annað en spegilmynd nasismans og Gyðingaofsókna" er haft eftir einum síonista. Hann hefur rétt fyrir sér. Síonistarnir og stuðningsmenn þeirra um allan heim ásaka frelsishreyfingu Palestínuaraba um "barnamorð" og "hryðjuverk."

FRAMHALD Á BLS. 2



Myndin sýnir nokkur þeirra leikfanga sem Ísraelher dreifir til Palestínsku barnanna - og nokkur fórnarlömb þessara hryðjuverka

Leiðari

Leiðarinn er á ábyrgð miðstjórnar KSML

Þegar þetta er ritað hafa um það bil 100 verkalýðsfélög á landinu með um 20-25 000 félaga samþykkt að fela 9 manna samninganefnd ASÍ umboð til samninga við nefnd Vinnuveitendasambandsins.

ASÍ-forystan hyggst nú leika sama leikinn og tíðkaður hefur verið að undanförnu: að færa kjarabaráttuna frá hinum einstöku verkalýðsfélögum í hendur toppanna hjá ASÍ - sem síðan sitja svo mánuðum skiptir við samningaborðið og makka við fulltrúa VSÍ um "kjarabætur" sem koma í rauninni aldrei til framkvæmda. Jón Sigurðsson, forseti Sjómannasambands Íslands viðurkenndi í sjónvarpinu þann 10/1 í ár að fjögurra mánaða makk á Loftleiðahótelinu í fyrra hafi í rauninni verið til einskis - því að þeim "kjarabótum" sem samið var um eftir þófið hefði mátt ná strax í upphafi án samninga. Spurningin verður því óhjákvæmilega: við hvað eru ASÍ-topparnir að dunda sér í marga mánuði þegar þeir viðurkenna nú að febrúarsamningarnir hafi verið einskis virði?

Svarið felst m.a. í þeirri staðreynd að þeir uppkeyptu forystumenn verkalýðsfélaganna sem líta á sjálfa sig sem alvalda umbjóðendur verkalýðsins - vinna að því öllum stundum að draga baráttuna fyrir betri kjörum inn á skrifstofurnar, þar sem þeir sitja daglangt. Þeir vinna gegn því að verkamennirnir í sjálfum félögunum séu virkir í baráttunni - að verkalýðurinn samfylki gegn auðvaldinu og sæki í hendur þess - með samstilltri baráttu - kjarabætur á kostnað gróðasöfnunar auðherranna. Sem mútþægir þjónar borgarastéttarinnar - hafnir yfir að deila kjörum með venjulegu verkafólki - reyna þeir að sundra samstöðu verkalýðsins. Þeir hindra baráttu gegn hinum raunverulega óvin, því að samstillt barátta verkalýðsins elur af sér aukna vitund um stéttarmáttinn sem verkalýðurinn býr yfir - og það er ekki auðvaldinu í hag. Þess vegna kjósa þessir "forystumenn" að sitja svo mánuðum skiptir á fundum með auðvaldinu og þykjast vera að gera samninga um bætt kjör fyrir verkalýðinn, án þess að fjöldi verkalýðsins komi þar nærri.

Stéttarvitund verkalýðsins

Eins og saga verkalýðsstéttarinnar sannar þá hefur kjarabaráttan aldrei verið þess megnug að leiða stéttina fram til vitundarinnar um sósíalísku byltinguna - nauðsynina á gjörbyltingu auðvaldsþjóðfélagsins.

Faglega vitundin er frumstig stéttvísi. Og til þess að verkalýðurinn geti gert sér ljóst að það nægi ekki að skipta um menn í stjórnarstólum verkalýðsfélaganna, því faglega vitundin nær ekki lengra, verða kommúnistar að starfa að því að sanna það að spurningin stendur um pólitík - pólitík borgarastéttarinnar eða pólitík verkalýðsstéttarinnar. Hinir uppkeyptu forystumenn ASÍ hafa kosið að samfylkja með borgarastéttinni - þeirra vígorð er stétt með stétt - en barátta verkalýðsstéttarinnar er stétt gegn stétt.

Nú setur verkalýðsforystan fram sömu kröfur og fyrir ári síðan, sama makkið verður á skipulagi samninganna og sama örugga vissan af beggja hálfu, að árangurinn verði enginn. Ekkert hefur breyst, enn er það samfylking gegn verkalýðnum með borgurunum sem situr í fyrirrúmi. Þetta geta þeir gert vegna þess að verkalýðurinn er fastur í viðjum borgaralegu umbótastefnunnar, sem uppkeypta verkalýðsforystan elur á. Enn hefur ekki tekist að byggja upp neitt heildarskipulag fyrir baráttuna og það sem er mikilvægara, markmið baráttunnar er að miklu leyti hulið öllum þorra verkalýðsstéttarinnar.

Líkur fyrir að komandi samningar beri einhvern árangur er því hverfandi. Verkamenn geta ekki vænst þess að ná árangri í baráttu sinni fyrr en þeir hafa myndað heildarskipulag fyrir baráttuna, þar sem þeir eru sjálfir lífið og sálin í öllu starfi og skipulagi hennar. Og að markmiðið verði sósíalisminn. Því að án raunhæfra markmiða til frelsunar verkalýðsins undan arðráni kapitalismans, verður baráttan máttlaus og árangur enginn.

13/1

PÓLITÍSK FJÖLDAVERK-FÖLL GEGN FASISMANUM Á SPÁNI

Hin ólöglega spánska fréttastofa APEP sem rekin er af FRAP hefur sent frá sér tilkynningu þar sem segir, að hið pólitíska allsherjarverkfall sem FRAP hvatti til, haldi áfram og breiðist út með miklum styrk. Jafnvel borgarablöðin sem sjaldan sjá ástæðu til að tala um Spán nema til að dásama sólina og sjóinn, hafa birt fréttir um verkfallsölduna og hið ótrygga ástand á vinnumarkaði Spánar. Það er stór sigur fyrir byltingaröflin á Spáni, því það felur í sér viðurkenningu á að baráttan hefur náð slíku umfangi að borgararnir geta ekki látið sem ekkert sé, og reynt að þegja um hana út á við. Markmið hins byltingarsinnaða allsherjarverkfalls sem FRAP hvatti til er tvíþætt: Að safna fjöldanum um öfluga, byltingarsinnaða samfylkingu gegn fasismanum, og að sundra og veikja hina ráðandi stétt.

Sökum hins mikla greiðsluhalla Spánar þarfnast landið gjaldeyris í ríkum mæli. Erlendur gjaldeyrir er nauðsynlegur til að efnahagur landsins falli ekki saman. Ástæðan fyrir því að borgararnir hafa ekki viljað láta fréttast af allsherjarverkfallinu er sú, að það myndi verka letjandi á bæði heimsvaldasinnaða fjárfestingaraðila og ferðamenn. En með vaxandi umfangi baráttu spánskrar alþýðu hafa fjárfestingaraðilar endurskoðað afstöðu sína til Spánar. Bandaríska viðskiptatímaritið Buisness Week skrifaði svo í grein þann 23/11:


"Fjölþjóðleg fyrirtæki sem hafa verið lokkuð til fjárfestinga á Spáni með loforðum um ódýrt vinnuafl og ríkisstýrð verkalýðsfélög sjá nú drauma sína verða að engu. Verkföll, skæruaðgerðir, t.a.m. skemmdarverk í verksmiðjum breiðast nú yfir gjörvallt landið frá stóriðnaðarsvæðunum eins og Bilbao, Barcelona og Vallado."

Þess lengur sem baráttan heldur áfram, þess lengur sem verkalýðurinn og alþýðan stendur á móti fasismanum, þess aðþrengdari verður efnahagur hinnar ráðandi stéttar, því sundraðri og veikari verða þeir, og þess ófærari verða þeir um að berjast gegn baráttu alþýðunnar.

Borgarastétt Spánar er sundruð í afstöðu sinni til baráttu alþýðunnar. Mótsetningar innan hinnar ráðandi stéttar skerpast í sífellu. Annars vegar er þeir sem vilja berja á bak aftur hverja frelsisaðgerð alþýðunnar og mæta kröfum hennar með opnu ofbeldi, og hins vegar þeir sem vilja færa stjórnskipulag Spánar ögn meir í átt til lýðræðis. Fulltrúi síðarnefndu stefnunnar er einkum Arias Navarro forsætisráðherra og hann hefur stuðning margra atvinnurekenda sem vilja finna aðferð til að blekkja alþýðuna í því skyni að treysta vinnufrið. Að þeirra mati er smá "lýðræðisleikur" ágætur í því markmiði. Andstæðingar Navarros meðal fasistanna eru stóriðnrekendur, hlutar hersins og embættismenn skriffinnskuveldisins sem standa algerlega fyrir "hugsjónir" Francos.



Navarro forsætisráðherra





Böðullinn Frankó situr nú á púðurtunnu - barátta alþýðunnar gegn kúgun fasismans vex í sífellu

Skerptar mótsetningar innan borgarastéttarinnar eru árangur af byltingarsinnaðri samstöðu alþýðunnar. En það er sorgleg staðreynd að samstöðunni er ógnað af endurskoðunarsinnunum. Endurskoðunarsinnarnir hafa stofnað til eins konar lýðræðissinnaðrar samfylkingar með "frjálslyndum" borgurum, og innan hennar er að finna fulltrúa jafnt frá hernum sem einokunarsamsteypunum. Þessi samfylking lítur á aukna lýðræðisþróun sem takmark í sjálfri sér, en reynir að breiða yfir stéttareðli fasismans og stéttaskiptingu Spánar en prédikar þjóðarsamstöðu. Þannig berst hún á móti því að alþýðan taki völdin í eigin hendur, en stendur fyrir að völdin verði áfram í fárra höndum.

Það sem einkennir baráttuna í dag eru pólitísk verkföll sem hafa gífurlegt umfang. Hver einasti dagur ber í skauti sér auknar andófsaðgerðir gegn fasismanum. Fleiri þúsundir spánskra verkamanna hafa í þessum mánuði (janúar) tekið þátt í verkföllum og mótmælaaðgerðum. Svar yfirvaldanna hefur verið að svipta þátttakendur í verkföllum launum sínum, en það hefur aftur leitt til kröfugangna og ráðist hefur verið á lögreglustöðvar og aðsetur hinna ríkisstýrðu verkalýðssamtaka víða um Spán. Baráttan hefur verið hörðust í Bilbao, Barcelona, Biscaya og Madrid. Í fréttatilkynningu frá FRAP um þróun mála segir: "Hið byltingarsinnaða allsherjarverkfall er nú þegar staðreynd - við höldum áfram til sigurs."

Við teljum fulla ástæðu til að ítreka áskorun FRAP til allra heiðarlegra andheimsvaldasinna og andfasista að berjast gegn "sólaferðum" til Spánar. Ef FRAP tekst að koma á almennri hunsun á túristaferðum til Spánar mun baráttan fljótlega leiða til falls fasistanna og sigurs alþýðunnar.

-/ÓI

Stéttabaráttan
ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!

STÉTTARBARÁTTAN 1.tbl. 4. árg.
15. janúar 1975.
Útg. Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Reykjavík
Sími: 27 800
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal

Hafið samband við KSML

Akureyri: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Birgir Guðmundsson, Skipagötu 2.

Eskifjörður: Umboðsmaður er Emil Bóason, Hátúni, sími 6138.

Hafnarfjörður: Fulltrúi KSML er Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.

Hellissandur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Uppsalavegi 21.

Ísafjörður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Agnar Hauksson, Tangagötu 20, sími 3651.

Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML, Magnús Sæmundsson, Urðarteig 21.

Ólafsvík: Fulltrúi KSML er Matthías Sæmundsson, Hjarðartúni 10.

Reykjavík: KSML, Skólastræti 3 eða pósthólf 1357, sími 27 800.

Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu, er með umboðssölu fyrir Stéttabaráttuna og Rauða fánann.

Stykkishólmur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Ólafur Þ. Jónsson, Ás.

Suðurnes: Stuðningsdeild KSML, Einar Jónsson, Sólvallagötu 40c, Keflavík.

Þorlákshöfn: Fulltrúi KSML er Jóhannes Ágústsson, Oddabraut 7.

VÍETNAM...

FRAMHALD AF FORSÍÐU

fylltust öll blöð af fréttum um "sókn kommúnista." En eitt kom aldrei fram. Thieu-klíkan notaði þennan bæ sem miðstöð árása á frelsuðu svæðin og þar voru geymdar vopnabirgðir. BBS virðir samkomulagið, en sættir sig ekki við að vera eini aðili málsins, eins og USA-heimsvaldasinnarnir vilja. - Þjóðfrelsisherinn tók bæinn á sitt vald til að binda endi á árásir Thieu-klíkunnar þaðan.

Baráttan gegn Thieu-stjórninni magnast með hverjum degi sem líður. Og þrátt fyrir örþrifaráð hennar til að haldast í sessi, aukast aðgerðir fólks á svæði hennar og úrslitaátökin eru skammt undan.

Sömu sögu er að segja af Kambódíu og Laos.

Í Laos hefur samsteypustjórnin lagt fram áætlun um starfið framundan og afstöðuna til heimsvaldasinnanna og brölts þeirra. Þar er þess krafist að USA-heimsvaldasinnarnir virði sjálfstæði landsins. Einnig var gerð víðtæk áætlun um uppbyggingarstarfið framundan, en þar er í fullum gangi starf til uppbyggingar eftir eyðileggingar stríðsins.

Þrátt fyrir tilraunir afturhaldsins, m.a. í gegn CIA, til að brjóta á bak aftur sigra þjóðfrelsishreyfinganna, er öll slík barátta USA-heimsvaldasinnanna og leppa þeirra brotin aftur.

Í Kambódíu á afturhaldsstjórn Lon Nols í vök að verjast. Nýlega hafa þjóðfrelsisherirnir unnið mikla sigra á her LN. Herstjórn LN fær engan tíma til að tína saman leyfarnar af her sínum. Fjöldi hermanna hefur gerst liðhlaupar og gengið í lið með þjóðfrelsisöflunum.

Meðan vandamálin hrannast upp hjá leppum USA-heimsvaldastefnunnar, styrkjast þjóðfrelsisöflin dag frá degi.

Auk hernaðarlegra ósigra, berjast heimsvaldasinnar í bökkum í efnahagsmálum. Þrátt fyrir efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum, er efnahagsástandið á yfirráðasvæði Lon Nols vægast sagt hörmulegt. Hungur og örbirgð vofir yfir fólkinu þar. Meira að segja hermenn í her stjórnarinnar safnast hópum saman fyrir utan sendiráð USA og höll LN., til að krefjast launa sinna, aftur í tímann.

Á frelsuðu svæðunum er hins vegar uppbygging hröðum skrefum.

Þannig má sjá, að í öllum þessum löndum er þróunin sú, að þjóðfrelsisöflin eru í geysilega hraðri sókn, og afturhaldsklíkur USA-heimsvaldastefnunnar á viðlíka hröðu undanhaldi.

Aðeins tímaspursmál er hvenær þjóðfrelsishreyfingarnar vinna algeran sigur og reka USA-heimsvaldastefnuna og leppa þeirra úr löndum sínum fyrir fullt og allt.

Árangur söluherferðarinnar

Eins og við sögðum frá í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar efndi Reykjarvíkurdeild KSML til söluherferðar og jafnframt sölukeppni meðal sellanna í Reykjavík. Úrslit liggja nú fyrir og var árangurinn mjög góður. Tilhögun keppninnar var þannig að sellurnar settu sér ákveðin markmið - byggð á reynslunni af sölunni að undanförnu. Síðan kepptust sellurnar við að uppfylla áætlunina eða fara fram úr henni. Sú sella sem sigraði keppnina var Straumsvíkursellan, félögunum í sellunni tókst að fara fram úr áætluninni, fylla kvótann og gott betur, eða 140%. Jafnframt tókst þeim að auka heildarsöluna (miðað við sölu fyrri eintaka) um 70%. Allar sellur fylltu kvótann að tveimur undanskildum -en þar vantaði aðeins herslumuninn. En þessar tvær sellur juku söluna um 33% (Breiðholtssella 1) og 40% (Vesturbæjarsella 3). Mesta söluaukningin var hjá Austurbæjarsellu 4 eða 89%.

FUNDIR UM STJÓRNLIST OG BARDAGAAÐFERÐ ÍSLENSKU BYLTINGARINNAR.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum gengst Verðandi, félag róttækra stúdenta við Háskólann, fyrir fundaröð um stjórnlist og bardagaaðferðir íslensku byltingarinnar. Nú þegar hefur einn fundur verið haldinn - þar hélt Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi formaður KFÍ erindi.

Næstu fundir verða sem hér segir:

Fimmtudaginn 6. febrúar kl. 20.30, en þá mun fulltrúi Alþýðubandalagsins skýra út sjónarmið flokksins.

Sunnudaginn 9. febrúar kl. 14.00 mun fulltrúi KSML skýra afstöðu samtakanna.

Fimmtudaginn 13. febrúar kl. 20.30 mætir svo fulltrúi Fylkingarinnar og flytur erindi.

Sunnudaginn 16. febrúar kl. 14.00 verður svo sameiginlegur umræðufundur allra samtakanna - þar gefst mönnum kostur á að setja fram fyrirspurnir til fulltrúanna. Fundirnir verða í Félagsstofnun Stúdenta við Hringbraut.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

1. MAÍ UNDIRBÚNINGURINN HAFINN

Í ráði er að stofna lúðrasveit KSML sem fara á fyrir göngunni 1. maí. Þegar er kominn álitlegur kjarni, en nokkra lúðra vantar enn. Þeir stuðningsmenn kommúnismanns sem áhuga hafa á að leggja lúðrasveit KSML lið eru beðnir að hringja í síma 82806 sem fyrst.

Rauða Stjarnan Bókabúð

RAUÐA STJARNAN
Skólastræti 3B, pósthólf 1357.
Opið mánudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 18.00-20.00, laugardaga kl. 10.00-12.00.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Hryðjuverk

Við spyrjum: Hverjir eru raunverulegu barnamorðingjarnir? Hverjir eru það sem tileinka sér aðferðir nasismans?

Svarið er: Síonistarnir. Á sama hátt og Hitler reyndi á sínum tíma að útrýma Gyðingunum, reyna síonistarnir að útrýma palestínsku þjóðinni. Þó að Morgunblaðið og aðrir málsvarar kúgunar og afturhalds segi ekki frá hryðjuverkum Ísraelsmanna, tala staðreyndirnar sínu máli. Afhjúpum glæpaverk síonismans, styðjum frelsisbaráttu Palestínuaraba!

HVAÐ ER KSML(b)?


Síðastliðið sumar klauf lítil klíka sig út úr KSML eftir að fræðileg barátta hafði farið fram innan samtakanna í nokkra mánuði. Í þeirri baráttu var kenningum þessarar klíku algjörlega hafnað sem röngum og borgaralegum af meginþorra samtakanna.

Deilurnar snerust um það, hvort starfa ætti innan verkalýðsfélaganna að því markmiði að breyta þeim úr núverandi undirlægjuhætti uppkeyptu verkalýðsforystunnar í baráttutæki verkalýðsins eða ekki. Þeir sem nú eru í KSML(b) héldu því fram, að ekki væri hægt að breyta núverandi félögum, þau væru endanlega töpuð og orðin hluti af ríkisvaldi auðvaldsins. Þessu til sönnunar héldu þeir því fram, að allt lýðræði í verkalýðsfélögunum væri út þurrkað, verkfallsrétturinn afnuminn, og það sem meira væri, allur þorri verkalýðsins hefði þegar uppgötvað þetta og streymdi nú frá félögunum til hinna svokölluðu ólöglegu verkfalla. Allir þeir sem höfðu eitthvað við þessa skilgreiningu þeirra að athuga, eins og t.d. að enginn hefði orðið var við þessa ólöglegu verkfallsöldu, voru umsvifalaust stimplaðir sem fylgjendur menntamannaklíku og stuðningsmenn sósíalfasisma og uppkeyptrar verkalýðsforystu. Tillögur þeirra til starfsins voru síðan í samræmi við þessa einhæfni og rangtúlkun á ástandinu. Þeir lögðu til, að kommúnistar ættu að snúa starfi sínu frá verkalýðsfélögunum, - eingöngu að starfa þar að því marki að brjóta þau niður -, til hinna svokölluðu ólöglegu verkfalla og byggja upp net ólöglegra neðanjarðarverkfallsnefnda um allt land.

Orsök þessarar grunnfærnu afstöðu þeirra er fyrst og fremst að leita til þess, hvað þeir hafa lítil kynni haft af lífi og starfi verkalýðsstéttarinnar, því að flestir eru eða voru menntamenn; nokkrir þeirra hættu í menntaskóla og fóru út í framleiðsluna í haust. Þó sést það kannski enn skýrar hvað þessi litla klíka ber skörp einkenni staðfestuleysis menntamannsins, eftir að þeir fóru að reyna að starfa sjálfstætt að blaðaútgáfu og öðru starfi. Við skulum því aðeins skyggnast inn á þau svið starfsins þar sem mest hefur borið á þeim síðustu tvo til þrjá mánuði. Fyrst er það blaðið.

Það hafa komið út tvö tölublöð af málgagninu þeirra, "ÖREIGANUM", og við lestur þeirra fæst örugg staðfesting á því, hvernig "vinstri" öfgar eru notaðar til að smáborgaralegur ökónómismi fái setugrið um stundarsakir. Í fyrsta tölublaðinu og reyndar sérstaklega í öðru er ekki stafur um nauðsyn pólitísku baráttunnar, en allt látið snúast um "dýrð" hagsmunabaráttunnar og deilt á KSML fyrir að tala of mikið um pólitísku baráttuna, í stað hagsmunabaráttunnar, of mikið um sósíalismann í stað umbótanna í kapítalismanum. Í blaði þeirra eru það því smáatriðin og undantekningarnar sem eru taldar orsök alls, en það sem er mikilvægast og það sem máli skiptir, baráttan fyrir sósíalismanum, er talið einskisvert. Til dæmis þegar þeir ræða um togaraslysin er helst á þeim að skilja, að það mætti koma í veg fyrir þau með því að setja trédekk í stað stáldekks, en ekkert er talað um það sem máli skiptir, að það verður ekki fyrr en í sósíalismanum sem mannslífin verða metin meir en gróðinn; þá breytist gildismatið undir stjórn verkalýðsins, þess vegna geta engin trédekk komið í stað sósíalismans. Verkamenn verða því fyrst og fremst að berjast fyrir sósíalismanum, en umbæturnar verða hjáverk byltingarinnar. Þetta sjá "vinstri" ökónómistarnir auðvitað ekki og veðja því á umbæturnar í stað sósíalismans. Þeir hafa gugnað eins og menntamanna er háttur á að hækka stéttarmeðvitund verkalýðsins, en kjósa í þess stað að verða einn anginn af borgaralegri umbótastefnu, sem gerir aldrei betur en skapa tálvonir um að hægt sé að lappa upp á kapítalismann.

Annað dæmi um reikandahátt þeirra er hvernig þeir starfa innan verkalýðsfélaganna út frá kenningum sínum, kenningum sem þeir klufu sig út úr KSML fyrir. Meðan þeir voru í KSML sögðu þeir, að verkalýðsfélögin væru hluti af ríkisvaldinu, þau voru þá meira að segja ein meginstoð þess, sem þeir kölluðu sósíalfasíska ríkið. Þess vegna yrði að brjóta þessi félög niður og losa verkalýðinn þannig undan oki sósíalfasismans. Þetta skyldi gerð með því að koma upp ólöglegu neðanjarðarverkfallsnefndum utan félaganna, en þessar nefndir áttu svo að endurvinna verkfallsréttinn í hendur verkalýðsins. Nú skyldum við ætla að þeir héldu fast



Gústaf Skúlason, andlegur leiðtogi menntaskólaöreiganna í "KSML(b)."

við þessa áætlun sína fyrst hún var svo mikilvæg, að þeir kusu að kljúfa sig út úr KSML vegna hennar. En hvað hefur síðan skeð. Þessir sömu menn hafa nú látið kjósa sig í stóla verkalýðsforystunnar og tekið að sér stjórn "sósíalfasíska kerfisins", svo við notum þeirra eigin skilgreiningar. Það sem meira er, þá er þetta iðnnemafélag, sem áður var notað af foringjum KSML(b) sem sérstaklega skýrt dæmi um sósíalfasismann, vegna þess að iðnnemafélögin hafa engan verkfallsrétt, en er algjörlega stýrt ofanfrá í hagsmunabaráttunni. Þeim er því ekki sýnt um að hagræða pólitíkinni, þegar þeim hentar og þeir geta sest í þá stóla sem þeir deila á verkalýðsforystuna fyrir að sitja í.

Auk þessa reyndu þessir sömu menn í samstarfi við Fylkinguna að setjast í stóla Dagsbrúnarforystunnar. Fylkingin og KSML(b) komu með tillögu á síðasta fundi Dagsbrúnar um að þeir yrðu kosnir í samninganefnd í stað forystunnar. Þessa tillögu báðu þeir félaga úr KSML að styðja og skrifa undir, en félagarnir úr KSML bentu á, að þessi tillaga væri ekkert annað en tilraun fámenns hóps til valdakúpps sem ekkert stæði á bak við. Það sem skorti á þessa tillögu væri, að það skorti allt starf meðal verkamanna að henni og vinna henni fylgis meðal verkalýðsins í félaginu. Nú var upphaflegu tillögunni breytt til samræmi þessum skoðunum og hljóðaði hún nú upp á að kosin yrði undirbúningsnefnd á fundinum. Þessi nefnd átti að sjá um að haldinn yrði annar fundur og í millitíðinni átti að kynna málið á vinnustöðunum og hvetja verkamenn til þátttöku í baráttunni. Á þeim fundi átti síðan að kjósa samninganefndina, sem semdi sérstaklega fyrir Dagsbrún. Þessa tillögu studdi KSML, auk Fylkingarinnar og KSML(b), og nú töluðu KSML(b) félagarnir hvorki um að lýðræðið væri útþurrkað eða ólöglegu verkföllin (eða skæruverkföllin eins og þeir kjósa að kalla þau núna) sem einu leiðina í kjarabaráttunni.

Við sjáum á þessum dæmum, að það hefur verið auðvelt fyrir þessa herra að skilja pólitíkina eftir heima, þegar þeir eiga sjálfir einhverja framavon fyrir sjálfa sig. Og nú ætti öllum að vera ljóst, að það voru innantómir frasar þegar þeir deildu á KSML fyrir að halda því fram, að það fyrirfyndist lýðræði innan verkalýðsfélaganna og að þau væru alls ekki endanlega töpuð verkalýðnum. Því að það var einmitt þetta áður tapaða lýðræði sem þeir hugðust nota til að ná verkalýðsfélaginu Dagsbrún aftur í hendur verkalýðsins. Verkamenn geta því ekki lagt neitt traust á slíkan vingulshátt menntamannanna, heldur hljóta þeir að fordæma slíkt staðfestuleysi, sem notar hvert tækifæri til að brjóta gegn yfirlýstum markmiðum sínum, án þess þá að viðurkenna að þeir hafi allan tímann haft rangt fyrir sér og að KSML hafi skilgreint verkalýðsfélögin rétt og starfi að sönnum markmiðum innan þeirra - fyrir raunverulega hagsmuni verkalýðsins. En það verður sennilega djúpt á sjálfsgagnrýni þessara pólitísku ævintýramanna.

Munurinn á KSML og KSML(b) felst því í þessum grundvallaratriðum: Í fyrsta lagi er það afstaðan til fræðilegrar skólunar framsæknustu hluta verkalýðsstéttarinnar. KSML álýtur, að leggja beri höfuðþungan í öllu starfi á þetta verkefni, en KSML(b) leggur höfuðáherslu á efnahagslega baráttu, svipað og Fylkingin, og elur þannig á tálvonum um "raunverulegar" umbætur án sósíalismans. Í öðru lagi birtist munurinn í því, að KSML eru hvorki að fela pólitíska ætlan sína eða reyna að koma sjálfum sér áfram með því að svíkja yfirlýsta stefnu eins og KSML(b) klíkan gerir. Skyldleiki KSML(b) við KSML er því ekki annar en sá, að þeir hafa tekið upp nafn KSML til að blekkja fólk og fá það til að halda, að þessi klíka eigi eitthvað skylt við pólitík og markmið KSML. Þessi blekkingarleikur þeirra er nú á enda með því að þeir hafa nú gefið út blað, sem afhjúpar alveg nægilega svik þessara manna við allt byltingarsinnað starf og getuleysi þeirra gagnvart borgaralegu hugmyndunum.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

EIMSKIP...

verkamenn, enda eru til dæmi um það að harðir Alþýðubandalagsmenn sem hafa fylgt Ebba og Co. hafi lýst því yfir að þeir muni ekki kjósa þá í næstu kosningum í Dagsbrún, vegna framkomu þeirra og vinnubragða við samningana.

Áunnin réttindi seld

Í samningunum segir að þegar mötuneyti er tekið til starfa þá skal öll keyrsla frá Blöndal til Sundahafnar og út í Eyju lögð niður og þegar ekki er unnin eftirvinna þá leggst síðari kaffitíminn alveg niður en með þessu er alveg tvímælalaust verið að selja áunnin réttindi, t.d. eins og þegar menn sem eru allt að komnir að áttræðisaldri þurfa að eltast við strætó út á Granda út í Sundahöfn og niður í Faxaskála.

Óttar Möller í morgunbíltúr

Frá því að samningarnir voru undirritaðir hefur heimsóknum Óttars Möllers niður á höfn orðið tíðari, en tilgangurinn er fyrst og fremst sá að fylgjast með því hvort vinnan væri ekki byrjuð á mínútunni, og ef svo er ekki fer hann að rífast og skammast út í verkstjórana sem síðan byrja að suða í mannskapnum. Dæmi eru um það að verkstjóra hefur verið hótað uppsögn fyrir að vera of linur við mannskapinn. Mínútubarátta er allsráðandi á höfninni og ég held að megi fullyrða það að slík barátta þekkist ekki neins staðar annars staðar á landinu.

Hvað á að gera?

Það sem fyrst og fremst hefur einkennt þessa baráttu er vaxandi fagleg meðvitund en ekki pólitísk, sem getur leitt þessa baráttu til uppgjörs við óvini verkalýðsins, og baráttan hefst svo að segja sjálfkrafa þegar verkamönnunum ofbýður það óréttlæti sem er verið að koma í gegn með mjög ólýðræðislegum vinnubrögðum, en forystulausir, án þess að hafa neitt takmark getum við ekki hrint neinu í framkvæmd. Þess vegna er nauðsynlegt að kjósa menn sem geti leitt baráttuna, ekki aðeins baráttuna, heldur standi vörð um hagsmuni verkamannanna (eins og t.d. þegar það er borgaður 400 krónur í bónus þó að það sé unnið frá 8 - 7), því að það eru verkamennirnir sem lifa og hrærast á vinnustöðunum sem vita hvað er að ske og vita hvað best er að gera en ekki skriffinnskulýður sem aldrei kemur nálægt vinnustöðunum.

Félagar verkamenn.
Tökum þátt í uppbyggingu kommúnísks verkamannaflokks - fylkjið ykkur um Kommúnistasamtökin.
-/SHE, hafnarverkamaður

Reykjavíkurdeild KSML hefur stutt eftir megni þá baráttu sem að undanförnu hefur geisað við höfnina í Reykjavík. M.a. hefur deildin gefið 4 dreifirit þar sem rekinn er áróður fyrir sjálfstæðri skipulagningu og myndun eigin samninganefnda. Einnig voru samningarnir skilgreindir og sundrungartilraunir Dagsbrúnarforystunnar afhjúpaðar.

Það hefur sýnt sig að dreifirit geta verið öflug vopn í þágu verkamannanna. Við hvetjum því verkamennina til þess að nota sér þetta vopn betur - Reykjavíkurdeild KSML er reiðubúin til að aðstoða við fjölritun og dreifingu.

Höfnum kauplækkunar tillögum Dagsbrúnar forystunnar og Eimskip.
Tökum málin í eigin hendur!

Fellum samningana!

VERKAMENN STÖNDUM SAMAN!

Félagar verkamenn:

HUNSUM SVIKASAMNINGANA!

Félagar verkamenn:

Viðtal við hafnarverkamann

Stéttabaráttan skýrði í síðasta tbl. frá baráttu verkamanna, sem starfa hjá Togarafgreiðslunni. Nýlega höfðum við samband við einn verkamannanna, sem stóðu í baráttunni - við spurðum hann um það hvernig málin hefðu þróast eftir verkfallið meðal verkamannanna sjálfra. Svar hans undirstrikar það hversu meðvitundin um nauðsyn pólitísku baráttunnar er á lágu stigi:

"Það sem mér þótti einna athyglisverðast við þær umræður sem verkfallið í desember kom af stað, var megn óánægja margra með núverandi verkalýðsforystu.

En þegar verkamennirnir settu fram hugmyndir sínar um úrbætur, sýndust mér þær frekar loftkenndar. Í forystuna áttu að veljast menn óháðir pólitískum stefnum, menn sem stæðu utan og ofan við pólitísk átök. Útópíuhugmyndir af þessu tagi eru ekki nýjar, en mér kom á óvart hve miklu fylgi þær áttu að fagna innan þess hóps sem ég ræddi við. Hvar orsakanna sé að leita? Mér dettur í hug sú skrumskæling raunveruleikans sem á sér stað í fjölmiðlum eða hverjar voru frásagnir útvarps og dagblaða af þeim atburðum sem áttu sér stað við höfnina á síðastliðnu ári og vörðuðu kjör um 500 manna?"

Námshringur KSML

1. Kommúnistaávarpið (Marx/Engels Úrvalsrit I)
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan (Stalín, bæklingur KSML) Um starfið og Hvaðan koma réttar hugmyndir (Maó, Úrv. rit I, III)
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (Fjölr. bæklingur KSML)
4. Um ríkið og byltinguna (Lenín, Ríki og bylting)
5. Um flokkinn (Lenín/Stalín, bæklingur KSML)
6. Pólitík KSML (Rauði Fáninn nr. 1 '72 frá stofnþingi KSML og Ályktanir 1. ráðstefnu KSML).

Rauður vettvangur

Frá lesendum

ER FASISMI Á ÍSLANDI?

Er það skoðun KSML, að vinstri stjórnin hafi verið fasísk stjórn? Ég spyr vegna þess að í dreifiriti, sem samtökin gáfu út (sennilega 1972) stendur þetta:

> "Í raun réttri eru þessir "alþýðuvinir" (þ.e. vinstri stjórnin/ innsk. J.J.) ekkert annað en sósíalfasistar, vegna þess að þeir játa sósíalismann með vörunum, en eru fasistar í verki."

Ég get ekki betur séð en að því sé haldið fram í dreifiritinu, að ríkisstjórnin hafi verið fásísk - "fasistar í verki" -. Og hvað segið þið þá um núverandi stjórn? Mér finnst þessi skoðun fullmikil einföldun á hlutunum, reyndar tóm vitleysa, því hvað er fasismi? Ef að við höfum búið við fasisma frá því að vinstri stjórn tók við, - ja, þá held ég að við höfum engu að kvíða gagnvart fasismanum. Mér þætti gaman að fá útskýringu á þessu hjá ykkur. J.J.

Svar:
Dreifiritið sem J.J. vitnar í er skrifað af Gústafi Skúlasyni og túlkar þær skoðanir sem hann er fulltrúi fyrir. KSML hafa gert upp við þessar firrur. Eins og margoft hefur komið fram í málgögnum KSML er Gústaf foringi lítillar klíku sem klauf sig út úr KSML, einmitt vegna skoðanaágreinings um, hvort það væri borgaralegt lýðræði á Íslandi eða svo kallaður sósíalfasismi (sósíalistar í orði en fasistar í verki). Dreifiritið er gefið út á vegum KSML og ber því að skrifa samtökin fyrir því og má líta á það sem skoðun samtakanna á þeim tíma. En eins og fyrr segir, hafa samtökin sagt skilið við þessar grillur og rangfærslur á því, hvað fasisminn raunverulega er - því fasisminn er ekki þannig, að hann skerði eingöngu launakjör verkalýðsins - eins og "vinstri" stjórnin gerði. Fasisminn við völd er alræði grimmasta og afturhaldssamasta hluta fjármálaauðvaldsins - og beinist fyrst og fremst að því að brjóta á bak aftur, með nöktu ofbeldi, byltingarbaráttu verkalýðsins.

Kenningar Gústafs Skúlasonar og fylgifiska hans ganga m.a. út á það, að verkalýðsfélögin séu sósíalfasísk og að íþróttafélögin og skátahreyfingin séu fasísk. Vissulega er það svo, að innan skátahreyfingarinnar eru til afturhaldsöfl og það er staðreynd að lögreglan hefur hvatt út íþróttamenn sér til aðstoðar til að ráðast gegn þeim sem hafa sýnt andúð sína á glæpamönnum eins og Nixon (t.d. þegar hann var hér 1973), en það að alhæfa þessi dæmi og gera úr þeim heilan kenningabálk, sýnir aðeins að þeir sem svo gera, eiga ekkert skylt við marxismann-lenínismann.

Reyndar er það þannig, að klíka Gústafs (sem kallar sig KSML(b)) breytir sínum skoðunum að sið hentistefnumanna, þegar hún álítur það henta sér. Þær skoðanir sem eru honum svo heilagar, að hann vill kljúfa byltingarhreyfinguna á Íslandi fyrir þær eru næsta dag "gleymdar" og ekki á þær minnst. Þannig hefur Gústaf sjálfur tekið sér sæti í stjórn Járniðnnemafélagsins (hann bauð sig fram að eigin frumkvæði), sem hann var áður búinn að lýsa sem "gagnbyltingarsinnað vígi sósíaldemókratismans" og hefur það "raunverulega hlutverk að kæfa niður alla sjálfstæða baráttu járniðnnema"! (Tilv. teknar úr grein Gústafs í Stéttabaráttunni nr. 8 '73). Og hvað hefur gerst með þetta "vígi gagnbyltingarinnar" eftir að GS hefur þóknast að setjast þar að? Um það hefur hann ekki sagt eitt einasta orð.

Þannig - J.J. - útþynningar Gústaklíkunnar á raunverulegu inntaki fasismans eiga ekkert lengur skylt við KSML. Ritstj.

Hvar eru peningarnir?

Þegar Varið land var upp á sitt besta, efndu herstöðvaandstæðingar til fundar í Háskólabíói og var fundur þess mjög vel sóttur; anddyri Háskólabíós troðfullt og færri komust inn en vildu. Voru þar meðal annars seld merki til styrktar samtökunum og í lok fundarins hvatti fundarstjóri til þess að menn létu fé af hendi rakna til að borga húsaleiguna og í sjóð, sem síðan myndi vera notaður til að gefa út blað á vegum herstöðvaandstæðinga. Menn tóku vel undir þessa áskorun og söfnuðust um 400.000 krónur. En síðan hefur hvorki heyrst hósti né stuna frá þessum samtökum og ekkert blað hefur komið út. Hvert fóru peningarnir? Fóru þeir í kosningasjóð Alþýðubandalagsins? Eða fór það í Benzinn hans Magnúsar Kjartanssonar? Spyr sá sem ekki veit.

S.H.E.

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

LANDSFUNDUR KSML
SKREF FRAM Á VIÐ Í FLOKKSBYGGINGUNNI



Helgina 28.-29. desember var haldinn í Kópavogi fyrsti landsfundur Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna. Höfuðverkefni þessa fundar var að ræða samtengingu samtakanna í eina samvirka og baráttuglaða heild og sérstaklega vandamál þeirra hópa, sem starfa úti á landsbyggðinni. Niðurstöður fundarins, sem munu bráðlega birtast í Rauða fánanum, voru í höfuðatriðum sem hér segir:

Það er mjög mikilvægt í starfi okkar að flokksbyggingunni að framkvæma áætlun um blað fyrir allt Ísland. Þessi áætlun felur ekki aðeins það í sér að auka útbreiðslu og útgáfutíðni **Stéttabaráttunnar, heldur einnig að virkja blaðið betur, annars vegar** sem sameiginlegt áróðurstæki og stefnuboðandi og hins vegar sem sameiginlegt skipulagstæki allra samtakanna. Um áætlun Leníns um blað fyrir öll rússnesk lönd segir í Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (bolsévíkanna):

"Lenín taldi, að slíkt blað gæti orðið tæki, sem hentaði ekki aðeins til að sameina flokkinn í skoðunum, heldur væri einnig til þess fallið að tengja flokksdeildirnar skipulagslega í einn flokk. Trúnaðarmannaliði því og fréttaritara, er blaðið hefði í þjónustu sinni og í munu veljast fulltrúar flokksdeildanna á hverjum stað, mætti þá líkja við eins konar burðargrind, sem flokkurinn mundi vaxa utan um skipulagslega." (bls. 57).

Til þess að hægt sé að byggja upp sterkar deildir úti á landi verða því þeir hópar, sem þegar hafa myndast, að hafa slíkt skipulagt starf í kringum blaðið, bæði hvað varðar skrif í það sem og dreifingu þess. Og einnig gera það að markmiði sínu að mynda sellur, sem hafa sem fastan punkt í starfsemi sinni. Þannig getum við einnig gert reynslu og árangra byltingarhreyfingarinnar á einum stað að reynslu og hvatningu til allra samtakanna.

"Námshópur, sem ekki hefur byrjað starf, en er einmitt að leita sér að verkefnum, getur þá hafist handa, ekki sem handverksmaður á litlu einangruðu verkstæði, sem ekki veit hvað áður hefur gerst í "iðninni" né á hvaða stigi framleiðsluaðgerðir í iðninni standa yfirleitt, heldur sem þátttakandi í víðtækum aðgerðum, þar sem endurspeglast allt byltingarstríðið í heild." (Lenín: Hvað ber að gera? bls. 221)

Þannig getur blaðið gert allt skipulagsstarf okkar miklu víðtækara og orðið þeir vinnupallar, sem afmarka og auðvelda hina miklu flokksbyggingu. Framkvæmd slíkrar áætlunar um kommúnískt blað fyrir allt Ísland er einnig grundvöllur þess að við getum alið upp harðsnúið úrvalslið forystumanna, sem hefðu byltingarstarfið að aðalstarfi. Þetta er einmitt mjög mikilvægt vegna þess, að flokkurinn sem við þurfum á að halda verður að vera gerður úr tveimur hlutum:
A. Fámennu úrvalsliði fastra forystumanna, sem hafa gert þjónustu við málstað byltingarinnar að æfistarfi sínu, atvinnubyltingarmenn, sem hafa engu öðru að sinna en flokksstörfum og hafa til að bera nægilega fræðilega þekkingu, pólitíska reynslu og skipulagshæfileika. B. Margreyndum vef flokksdeilda umhverfis þennan kjarna, fjölmennum hópi flokksfélaga, sem njóta samúðar og stuðnings hins vinnandi fjölda.

Með því að þjappa okkur þétt saman um Stéttabaráttuna og framkvæma þessa áætlun, getum við því stigið stór skref fram á við til uppbyggingar sannrar framvarðarsveitar öreigastéttarinnar - kommúnistaflokksins.

Annar mikilvægur þáttur í flokksbyggingunni er námsstarfið og skilgreining á afstöðu stéttanna á Íslandi í baráttu þeirra. Við verðum að vinna að því að tengja námsstarf samtakanna betur vinnu okkar að stéttaskilgreiningunni, sem samtökin öll hafa sem verkefni í gegnum sitt daglega starf. Við hvetjum til að ýtt verði undir frumkvæði og sjálfsnám félaganna til að vinna að þessu verkefni. Fyrst og fremst verðum við að leggja áherslu á að forðast námsstarf, sem aðeins er til að nema, heldur verðum við ávallt að tengja það starfi okkar, vegna þess að fræðikenningin verður einskis virði, nema henni sé beitt sem leiðbeiningu til starfs.

Í áróðurs-, útbreiðslu- og skipulagsstarfi okkar verðum við að leggja höfuðáherslu á að auka meðvitund öreigastéttarinnar um sögulegt hlutverk sitt - sósíalísku byltinguna - og vinna þannig að því að tengja samtökin (og síðar flokkinn) fjölmörgum böndum við öreigastéttina og fjöldann. Einnig í þessari uppfræðslu verðum við að gæta þess að slíta hana ekki úr tengslum við starfið og raunveruleikann. Við verðum ótrauðir að berjast gegn hvers konar áhrifum hentistefnu og borgaralegrar hugmyndafræði, hvar og hvenær sem hún birtist innan raða öreigastéttarinnar og losa hana undan áhrifum þessara hlekkja. Við verðum að slíta öll þau bönd sem stéttasamvinnustefnan hefur bundið öreigastéttina við auðvaldið. Þannig verðum við að framfylgja vígorðinu STÉTT GEGN STÉTT.

Sú mikla eining sem fram kom á landsfundinum um þessi verkefni okkar í flokksbyggingunni og framkvæmd þeirra ber þess tvímælalaust vitni, að KSML eru einu byltingarsinnuðu samtökin á Íslandi, sem eru fær um að hafa hafið framkvæmd þessa verkefnis - að byggja kommúnískan flokk af lenínískri gerð á Íslandi.

Þann 29. var svo haldin skemmtun fyrir þá sem sátu fundinn og alla þá sem stutt hafa og vilja styðja KSML. Þar var margt til skemmtunar og má t.d. nefna flutning Albaníusönghópsins á byltingarsöngvum, leikþáttur var fluttur og vakti mikla kátínu, spurningakeppni, happadrætti o. fl. Síðan var dans stiginn fram á nótt og fór þessi skemmtan öll mjög vel fram og verður lengi í minnum höfð sem gott fordæmi fyrir slíkar kommúnískar skemmtanir.

-/EA

Vopnuð barátta alþýðunnar hefur nú staðið í 9 ár.

26. ágúst s.l. var 8 ára afmæli vopnaðrar baráttu alþýðu Namibíu gegn nýlendustjórn Suður-Afríku. Fyrir átta árum hófu 50 skæruliðar baráttuna með því að veita óvinahermönnum fyrirsát, vopnaðir spjótum, bogum og örvum og gamaldags rifflum, í skógunum við Omkulumbasje dalinn. Þeir drápu eða særðu 27 óvinahermenn og jöfnuðu herstöðina við jörðu.

Síðan 1966 hefur vopnaða baráttan verið óslitin í Namibíu, og allar tilraunir Suður-Afríku til að brjóta hana á bak aftur hafa reynst árangurslausar. Þvert á móti, hefur frelsisher Namibíu sífellt vaxið fiskur um hrygg, og hefur getað tryggt og fært út stjórn sína á vissum frelsuðum svæðum.

Í tilefni af afmælinu voru haldnir fjöldafundir í Tansaníu, Egyptalandi og Guyana. Þar voru glæpir S-Afrísku kynþáttakúgaranna og aðstoð heimsvaldalandanna við þá fordæmdir. Á það var lögð áhersla, að ástandið í Namibíu væri sífellt að breytast frelsisöflunum í hag, og að alþýða Namibíu myndi halda áfram byltingarbaráttu sinni þar til fullur sigur væri unninn.
(Peking Review)

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

Með þessu eintaki hefst fjórði árgangur Stéttabaráttunnar - að baki liggja 3 ár óslitinnar baráttu fyrir framgangi blaðsins, og ekki verður annað sagt en að sigrar hafi unnist. Á síðasta hluta 2. árgangs ('73) byrjaði blaðið mánaðarlega útgáfu. Nú er það selt á fleiri en 13 stöðum á landinu og á síðasta ári fjölgaði áskrifendum um 60%.


Um leið og ritstjórn Stéttabaráttunnar óskar öllum lesendum blaðsins velfarnaðar á nýja árinu, hvetjum við til sameiginlegs átaks okkar allra um að tryggja grundvöll blaðsins enn betur og gera það að raunverulegu málgagni verkalýðsstéttarinnar.

EFLUM STÉTTABARÁTTUNA

Eins og skýrt var frá í síðasta tbl. STÉTTABARÁTTUNNAR (11/12 '74) hefur ritstjórn blaðsins ákveðið að hleypa af stokkunum útbreiðsluherferð fyrir blaðið. Útbreiðsluherferðin miðar að því að auka tölu áskrifenda STÉTTABARÁTTUNNAR um 100% á árinu 1975. Á síðasta ári fjölgaði áskrifendum um tæp 60%, án þess að sérstök herferð væri skipulögð. En nú setjum við markið 100% fyrir árslok og skipuleggjum félaga og stuðningsmenn til starfa víða um land. Ef okkur tekst að ná settu marki mun það gera blaðinu kleyft að ráða starfsmann - og sá áfangi er mjög mikilvægur fyrir þróun STÉTTABARÁTTUNNAR.

STÉTTABARÁTTAN er stofnuð til þess að vera baráttumálgagn verkalýðsstéttarinnar - boðberi byltingarstefnu marxismans-lenínismans. Og nú, þegar auðvaldsþjóðfélagið siglir hraðbyri inn í djúpa kreppu, kemur mikilvægi slíks baráttumálgagns skýrar í ljós. Því að borgarastéttin "leysir" ætíð kreppuna á kostnað verkalýðsins og alþýðunnar - þær kjaraskerðingar sem við fáum að kynnast nú eru aðeins forsmekkurinn að því sem kemur, þegar kreppan ríður húsum af enn meiri krafti en nú er. Gagnvart sókn borgarastéttarinnar er aðeins til eitt árangursríkt svar - byltingarsinnuð skipulagning verkalýðsins með kommúnískan flokk í fremstu víglínu. Og það er einmitt hlutverk STÉTTABARÁTTUNNAR að vinna að myndun slíks flokks - að vera vinnupallur við flokksbygginguna eins og Lenín orðaði það.

Ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR skorar því á alla velunnara blaðsins að taka þátt í baráttunni fyrir eflingu blaðsins - og þar með eflingu byltingarhreyfingarinnar á Íslandi. Félagar. Þið sem eruð ekki enn orðnir áskrifendur, gerist áskrifendur strax - og þið sem eruð áskrifendur, hvetjið vini og kunningja ykkar til að gerast áskrifendur.



Línuritið mun birtast hér á baksíðunni allt næsta ár. Það sýni hvernig útbreiðsluherferðin gengur og mun vonandi einnig verka sem hvatning til velunnara blaðsins til að láta rauðu línuna stíga sem brattast. Heila skálínan sýnir aukninguna á síðasta ári - og nú hefur markið verið sett hærra, þannig að rauða línan má ekki liggja undir '74 línunni. Eins og línuritið sýnir hefur áskrifendum fjölgað um 5% það sem af er árinu.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

SIGALDA...

Nú væri ekki skrýtið þótt einhver spyrði hvers vegna verkalýðsforystan lætur málin ekkert til sín taka eða hvort henni hefði ef til vill ekki verið kynnt ástandið. Því er til að svara, að verkalýðsforystan er öllum hnútum kunn og hefur reyndar í stað þess að láta til skarar skríða gegn atvinnurekandanum - Energo Projekt - gert allt sem í hennar valdi stendur til að hindra baráttu gegn Energo og orðið vel ágegnt í þeirri viðleitni sinni.

Frá því í ágúst hafa verið uppi háværar raddir um það meðal verkamanna og sumra trúnaðarmanna að fara í verkafall til að knýja Energo Projekt til að framfylgja ákvæðum samningsins milli fyrirtækisins og verkalýðsfélaganna um öryggi, hreinlætisaðstöðu á vinnusvæðunum, heilbrigðisþjónustu, tómstundaaðstöðu o. fl. Í fyrstu náðist ekki meirihluti fyrir verkfallsboðun í trúnaðarmannaráði staðarins, en að því kom þó í október, að trúnaðarmannaráðið samþykkti verkfall með öllum atkvæðum (einnig fulltrúa verkalýðsforystunnar sem talað hafði gegn verkfallinu allan tímann). En verkalýðsforystan deyr ekki ráðalaus. Málinu var skotið til yfirtrúnaðarmannaráðsins í Rangárvallasýrslu, sem hafnði verkfallsboðuninni. Í stað verkfallsins sendi verkalýðsforystan bænaskrá til atvinnurekandans (eins og oft hafði verið gert áður að árangurslausu), hvort hann vildi ekki vera svo vænn að framfylgja nú samningnum. Eins og fyrr var svarið játandi og að sjálfsögðu var ekkert gert og hefur reyndar ekki verið gert ennþá.

Á þennan hátt hefur verkalýðsforystan í Rangárvallasýslu komið í veg fyrir alla baráttu gegn Energo Projekt og Landsvirkjun og einnig svæft mál, sem einstakir verkamenn hafa lagt henni í hendur. Má í þessu sambandi nefna, að fríhelgina 30. okt. til 4. nóv. unnu tveir dæluvaktamenn í stöðvarhúsgrunninum. Fyrirmæli þeirra voru að vinna báðir á næturvaktinni, en skiptast á að sofa á daginn. Með þessu fyrirkomulagi náði hvor um sig aðeins sex tíma hvíld á sólarhring, en svo er kveðið á í samningunum að ef menn ná ekki átta tíma hvíld á sólarhring, þá skuli þeim greidd tvöföld næturvinna þá daga sem annars væri greidd einföld næturvinna. Þegar nú tímaskýrslurnar voru lagðar fyrir júgóslvaneska yfirmanninn eins og venja er til, neitaði hann að samþykkja þær og málinu þá vísað til verkalýðsfélagsins. Samkvæmt því sem síðast var vitað hafa verkamennirnir ekki enn fengið eina krónu fyrir fríhelgarvinnu sína, en aftur eilíf loforð um að kaupið yrði greitt við næstu útborgun.

Annað atriði sem algjörlega hefur verið látið afskiptalaust eru uppsagnir verkamanna nú í haust. Samkvæmt samningnum við júgóslvaneska verktakafyrirtækið eiga íslenskir verkamenn að hafa forgang að vinnu við virkjunina. Nú hefur það skeð, að fjölda íslendinga hefur verið sagt upp störfum, en júgóslavar vinna áfram í sömu starfsgreinum og jafnvel eru dæmi þess, að íslenskir verkamenn hafi verið látnir víkja úr störfum fyrir júgóslövum. Tilgangurinn með því að vekja máls á þessu er ekki sá, að æra upp neina þjóðerniskennd meðal verkamanna eða ýta undir þá sundrungarstarfsemi, sem skipulögð er af auðvaldinu til að koma í veg fyrir, að verkamenn af ólíku þjóðerni geti sameinast í baráttunni gegn kúgurum sínum og arðræningjum. Tilgangurinn er sá að benda á ástæðuna fyrir því, hvers vegna málunum er þannig háttað sem raun ber vitni. Ástæðan er einföld; nefnilega sú, að júgóslvanesku verkamennirnir eru á mun lægra kaupi en íslenskir (ca. 70 þús. á mán. en þar af greiða þeir um 15 þús. í fæði og húsnæði, sem íslendingar greiða ekki) og fá þar að auki ekki krónu greidda fyrir yfirvinnu (fram yfir 12 tíma á dag). Þetta er greinilegur hagur fyrir auðvaldið, bæði hið júgóslavneska og hið íslenska og þess vegna horfa þjónar þess, verkalýðsforystan, algjörlega fram hjá þessu svívirðilega undirboði á íslenskum vinnumarkaði, undirboði sem jafnframt er algerlega ólöglegt samkvæmt íslenskum lögum. Ekki er því þó þannig farið, að íslensk lög séu lög fyrir verkalýðinn. Þau eru lög auðmannastéttarinnar í landinu, búin til af henni og þjónum hennar og framfylgt af henni og þjónum hennar. Þess vegna er það allt í lagi fyrir auðvaldið að hafa í lögum sínum greinar sem virðast settar til að tryggja rétt verkalýðsins. Framfylgdin er í höndum þeirra sjálfra og því engin hætta á ferðum.

Verkalýðsforystan þiggur mútur.

Einhver hefur ef til vill varpað fram þeirri spurningu, hverjar séu orsakirnar fyrir svikum verkalýðsforystunnar, undanslætti hennar við auðvaldið og jafnvel beinni baráttu hennar gegn hagsmunum verkalýðsins. Hér er ekki um að ræða neina meðfædda mannvonsku, misheppnað uppeldi sem leitt hafi til illgirni eða aðrar álíka skýringar. Orsakirnar eru einfaldar og jafnframt augljósar ef litið er á málið athugulum augum raunsæismannsins. Verkalýðsforystan þiggur beinar og óbeinar mútur af auðvaldinu, meðvitað og ómeðvitað. Sumir verkalýðsforingjarnir hafa hreinlega gengið á mála hjá atvinnurekendum, en aðra hefur auðvaldinu tekist eftir óteljandi leiðum að gera sér efnahagslega háða, án þess að þeir geri sér það jafnvel ljóst í fyrstu, að þeir eru að svíkja verkalýðsstéttina.

Ágætt dæmi um uppkeyptan verkalýðsforingja er yfirtrúnaðarmaðurinn við Sigöldu, Hilmar að nafni. (Ekki man ég hvers son, en ef hann skyldi hafa áhuga á að láta birta föðurnafn sitt, þá getur hann sent það til Stéttabaráttunnar). Hilmar, sem jafnframt því að vera yfirtrúnaðarmaður við Sigöldu, er formaður verkamannadeildar verkalýðsfélagsins Rangæings, starfar í raun sem eins konar sendisveinn með skilaboð milli verkamanna og Energo Projekt og forðast það eftir fremsta megni að láta nokkra afstöðu í ljós sjálfur. Afstaða hans er nefnilega sú, að sigla milli skers og báru til að reyna að halda andlitinu bæði gagnvart atvinnurekandanum og verkamönnum. Ekki væri það gott fyrir Hilmar blessaðan að tapa áliti verkamanna, því þá tapaði hann jafnframt möguleikanum á að koma sér í mjúkinn hjá atvinnurekandanum gegnum starf sitt. Hins vegar væri það líka heldur verra fyrir Hilmar vininn að falla í áliti hjá Energo, því þar með væri úr sögunni að fá upp á skrifaða allt að 150 næturvinnutíma yfir úthaldið fyrir að sendast og skrifa tímaskýrslur fyrir nokkra verkamenn, að ekki sé nú talað um að sitja hálfan daginn yfir kaffibolla inni í matsal eða eldhúsi, ef maður hefur þá ekki skroppið í byggð til að viðra sig.

Hilmar er ef til vill besta sál innst inn við beinið, en hann er líka uppkeypt hlaupatík atvinnurekenda, sem í raun berst gegn öllum hagsmunum verkalýðsins, hefur svikið stéttarbræður sína fyrir þrjátíu silfurpeninga auðvaldsins í stað þess að berjast við hlið þeirra fyrir heilu ríki verkalýðsins. Slíkan Júdas er ekki annað við að gera en að reka út úr forystu verkalýðsfélagsins ásamt með öllum núverandi starfsbræðrum hans og senda þess hina sömu til að vinna þau störf, sem þeir eru búnir að gleyma hver eru eða við hvaða kjör þeir búa, sem vinna þau, ef þeir hafa þá einhvern tíma gert ærlegt handtak á ævi sinni.

Verkamenn og vinnufélagar við Sigöldu. Ég skora á ykkur að taka höndum saman um að kasta svikurum út úr verkalýðsforystunni og setja í þeirra stað þá sem sýnt hafa mesta baráttuviljann. Við verðum að skipuleggja baráttu okkar með það fyrir augum, að sigrast á undirrót kúgunarinnar og arðránsins, þjóðfélagsgerðinni sjálfri, auðvaldsþjóðfélaginu, þar sem allt skipulagið miðast við hagsmuni og þarfir auðmanna, sem aðeins hugsar um sinn eigin gróða, en ekki hvort við getum lifað sómasamlegu lífi.

Ástvaldur Ástvaldsson, rafvirki.

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM